

Til þess er málið varðar.

### **Umsögn Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum nr. 80/2007.**

Akureyrarbær tekur undir og styður tillögu til breytinga á vegalögum nr. 80/2007, þingskjal nr. 60, 60. mál. En þar segir m.a. að „Þjóðferjuleiðir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til þjóðferjuleiða teljast leiðir þar sem ferja kemur í stað vegasambands um stofnveg og tengir byggðir landsins sem umluktar eru sjó við grunnkerfi samgangna á meginlandinu.....“.

Hrísey og Grímsey eru hluti af Akureyrarbæ og þangað ganga ferjur fyrir íbúa og ferðamenn og aðra þá sem þurfa þjónusta samfélögin. Eðlilegt er að ferjur sem þjónusta eyjur þar sem vegasamgangna nýtur ekki við og ferjur sem eru mikilvægar vegna ferðaþjónustu séu hluti af þjóðvegakerfi landsins.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
Ásthildur Sturludóttir, bærarstjóri Akureyrarbæjar.



**Akureyrarbær**  
BÆJARSTJÓRI

**Ásthildur Sturludóttir**  
Bæjarstjóri

Geislagötu 9, 600 Akureyri  
Sími 4601000  
<https://www.akureyri.is/>



Sauðárkróki, 11. nóvember 2019

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir að Byggingastofnun veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, nr. 80/2007, mál. 60.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ferjuleiðir milli eyja við Ísland og meginlandsins verði skilgreindar sem þjóðferjuleiðir og verði hluti af grunnkerfi samgangna í samgönguáætlun hverju sinni. Þá verði í samgönguáætlun ákveðin fjárveiting vegna kostnaðar við ferjur sem þjónusta þjóðferjuleiðir við flutning á fólki og bifreiðum og heimild til að greiða hluta kostnaðar við ferjur sem eru mikilvægar fyrir ferðapjónustu.

Í framkvæmd myndi þessi þessi aðgerð ná til fjögurra eyja við landið, þ.e..Heimaeyjar, Flateyjar á Breiðafirði, Grímseyjar út af Eyjafirði og Hríseyjar á Eyjafirði. Tenging eyjanna við samgöngukerfið er með öðrum hætti en annarra byggða landsins, sem gefur að skilja og því hefur fylgt umtalsverður kostnaður og óhagræði fyrir íbúa og gesti. Sérstaða Vestmannaeyja í þessu samhengi er mikil vegna stærðar, íbúafjölda og að þar er ein öflugasta sjávarbyggð landsins auk mjög vaxandi ferðapjónustu og annarrar atvinnustarfsemi.

Byggingastofnun styður að þjóðferjuleiðir verði skilgreindar sem sérstakur þjónustuflokkur í vegalögum og hugað verði að lausnum til að leysa samgönguvanda eyjabúa með þeim hætti.

Fyrir hönd Byggingastofnunar

---

Guðmundur Guðmundsson

*Sérfræðingur á þróunarsviði Byggingastofnunar*

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is*



Reykjavík, 21. júní 2019

Tilvísun: 2018090072

GBG/SE

Tilv. ykkar: 32. mál, 149. löggjafarþing

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum.**

Með tölvupósti dags. 27. september 2018 fékk Vegagerðin til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, 32. mál 149. löggjafarþings. Þess var farið á leit að umsögn bærist nefndarsviði Alþingis á rafrænu formi eigi síðar en 11. október 2018. Vegagerðin skilaði ekki umsögn á þeim tíma. Framsögumaður frumvarpsins hefur farið þess á leit við stofnunina að hún láti uppi álit sitt á frumvarpinu. Í því skyni sendir Vegagerðin eftirfarandi umsögn um frumvarpið.

### **Almennar athugasemdir**

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að skilgreindar verði í samgönguáætlun *þjóðferjuleiðir* sem teljast skuli hluti af grunnkerfi samgangna. Til þjóðferjuleiða skuli teljast leiðir þar sem ferja kemur í stað vegasambands um stofnveg og tengir byggðir landsins sem umluktar eru sjó við grunnkerfi samgangna á meginlandinu. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er markmið þess að fella ákveðnar ferjuleiðir undir skilgreiningu vegalaga á þjóðvegum vegna sérstöðu sinnar og með því tryggja að ríkisvaldið standi að rekstri á ferjum á skilgreindum þjóðferjuleiðum.

Ásamt því að vera veghaldari þjóðvega á grundvelli 1. mgr. 13. gr. vegalaga nr. 80/2007, fer Vegagerðin með eignarhald á og sinnir rekstri Landeyjahafnar og ferjubryggja á grundvelli 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, nr. 120/2012, og hefur umsjón með ferjum og öðrum eignum ríkisins sem nýttar eru í almenningssamgöngum á grundvelli 3. tölul. 7. gr. sömu laga.

Veghald þjóðvega og rekstur ferjuleiða eru um margt ólík verkefni. Sé það vilji löggjafans að breyta í grundvallaratriðum núverandi fyrirkomulagi við rekstur ferja er það mat Vegagerðarinnar að því markmiði væri betur náð með breyttum áherslum í samgönguáætlun, breytingu á lögum um samgönguáætlun nr. 33/2008 eða með nýrri heildstæðri löggjöf um aðkomu ríkisins að almenningssamgöngum almennt eða rekstri ferja sérstaklega, fremur en með því að skilgreina ferjuleiðir sem þjóðvegi í vegalögum.

## Nánar um breytingatillögu frumvarpsins.

Um fjárveitingu til ferja sem kostnaðar eru af fjárveitingum til vegamála fer nú samkvæmt 22. gr. vegalaga nr. 80/2007. Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 1. mgr. 22. gr. vegalaga. Núgildandi málsgrein er svohljóðandi:

Í samgönguáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu vegna kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg að minnsta kosti hluta úr ári. Á sama hátt er heimilt að ákveða fjárveitingu til greiðslu hluta kostnaðar við ferjur sem eru mikilvægar fyrir ferðaþjónustu.

Eftir breytingu yrði málsgreinin svohljóðandi:

Í samgönguáætlun skal ákveða fjárveitingu vegna kostnaðar við ferjur sem þjónusta þjóðferjuleiðir skv. e-lið 2. mgr. 8. gr. til flutnings á fólki og bifreiðum. Einnig er heimilt að ákveða fjárveitingu til greiðslu hluta kostnaðar við ferjur sem eru mikilvægar fyrir ferðaþjónustu.

Breytingin hefur það í för með sér að skylt verður að ákveða fjárveitingu í samgönguáætlun í stað þess að heimilt sé að ákveða slíka fjárveitingu. Ætla má að megintilgangur frumvarpsins sé að gera stöðu þjóðferjuleiða sem líkasta stöðu þjóðvega hvað þetta varðar þannig að tryggt sé að tekin sé afstaða til þess í samgönguáætlun hverju sinni hvernig fjáröflun og skiptingu útgjalda til ferja sé háttað hverju sinni. Undanfarin ár hefur verið tekin afstaða til þess í samgönguáætlun hvernig fjárveitingum til ferja skuli háttað og því vaknar spurning um þörf á lagabreytingu hvað þetta varðar í því skyni að styrkja stöðu ferjusamgangna.

Þá er rétt að benda á að verði frumvarpið að lögum felur það í sér að gera eigi ráð fyrir útgjöldum til *þjóðferjuleiða* auk þess sem greiða megi hluta kostnaðar við ferjuleiðir sem mikilvægar eru fyrir ferðaþjónustu. Af því leiðir að brott fellur núgildandi heimild til að veita fé til ferjuleiða sem ekki eru hluti af grunnkerfi samgangna eða mikilvægar fyrir ferðaþjónustu. Vegagerðin telur nauðsynlegt að kanna hvaða áhrif slík breyting hefur í för með sér og leita athugasemda þeirra sveitarfélaga sem kunna að verða fyrir áhrifum.

Óvíst er því að nauðsynlegt sé í því skyni að ná markmiðum frumvarpsins að mæla fyrir um þjóðferjuleiðir í vegalögum en einnig vakna spurningar um önnur áhrif þess að tiltekin siglingaleið sé skilgreind sem slík. Ýmis ákvæði bæði vegalaga og sérlaga gilda um þjóðvegi landsins og ekki víst hvaða áhrif skilgreining tiltekinnar siglingaleiðar og hafnarmannvirkja sem þjóðferjuleiðar samsvarandi þjóðvegi kann að hafa í för með sér. Eðlilegt verður að telja að löggjafinn taki afstöðu til slíkra álitamála samhliða setningu laganna fremur en að skapa réttaróvissu.

Tilvísun til e-liðar 2. mgr. 8. gr. er að mati Vegagerðarinnar óþörf og ekki í samræmi við uppbyggingu laganna að öðru leyti. Flokkar þjóðvega eru skilgreindir í 8. gr. og aðrar tilvísanir

til tiltekinna flokka þjóðvega í frumvarpinu vísa til heitis flokks en ekki tiltekins liðar 2. mgr. 8. gr.

Þó ekki sé fyllilega ljóst hvort frumvarpið, ef það verður samþykkt í óbreyttri mynd, muni raunverulega hafa í för með sér auknar skyldur Vegagerðarinnar vegna reksturs ferja á þjóðferjuleiðum má ætla að slíkt sé vissulega tilgangur frumvarpsins. Vegagerðin leggur því sérstaka áherslu á að auknum skyldum fylgi óhjákvæmilega aukinn kostnaður og því mun reynast nauðsynlegt að meta þann aukna kostnað og gera ráð fyrir honum á fjárlögum og fjármálaáætlun.

Í ljósi framangreinds getur Vegagerðin ekki mælt með að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd án frekari skoðunar. Ef breytinga er þörf mætti skoða heildstætt hvort núverandi skipan mála hvað snertir fjáröflun og skiptingu útgjalda til ferja þjóni nægilega vel markmiðum um góðar samgöngur við þau byggðarlög sem treysta þurfa á þennan samgöngumáta.

Virðingarfyllst,



Stefán Erlendsson, lögmaður, LL.M.

Forstöðumaður lögfræðideildar



Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á vegalögum nr. 80/2007 (ferjuleiðir)

Vísað er til umsagnarbeiðnis Alþingis dags. 22. október sl., um breytingu á frumvarpi til vegalaga nr. 80/2007, sem endurflutt verður á 150. löggjafarþingi í þingskjali 60 - 60. máli.

Bæjarráð ítrekar fyrri umsögn sína sem send var með bréfi dags. 2. nóvember 2018, þar sem tekið er undir með flutningsmönnum frumvarpsins um að mikilvægt sé að gera nauðsynlegar breytingar á vegalögum til að taka af öll tvímæli um að ákveðnar ferjuleiðir falli undir skilgreininguna á þjóðvegum samkvæmt vegalögum. Í ljósi sérstöðu og landlegu Vestmannaeyja er það mat bæjarráðs að mikilvægt sé að þjóðferjuleiðir verði skilgreindar sem hluti af grunnkerfi samgangna og undir þá skilgreiningu falli ferjuleiðir sem tengi byggðar eyjar við grunnvegakerfi landsins, eins og lagt er til í 1. gr. frumvarpsins. Jafnframt tekur bæjarráð undir þá tillögu sem lögð er fram í 2. gr. frumvarpsins um að í samgönguáætlun skuli ákveða fjárveitingu vegna kostnaðar við ferjur sem þjónusta þjóðferjuleiðir til flutnings á fólki og bifreiðum.